

Æskulýðsstarf hestamannafélagsins Neista



Starfsskýrsla 2012-2013

Æskulýðsnefnd Neista

Æskulýðsnefndin tekur alla jafna til starfa í október-nóvember ár hvert. Árið 2012-2013 störfuðu 4 í nefndinni, Áslaug Inga Finnsdóttir, Jóhanna Stella Jóhannsdóttir, Sigurbjörg Þórunn Jónsdóttir og Selma Svavarsdóttir.

Inngangur

Framundan var 12. starfsár æskulýðsnefndar Neista og 70 ára afmælisár félagsins. Æskulýðsnefndin hefur verið starfrækt í 11 ár undir þeim formerkjum sem hún er í dag en Reiðhöllin var tekin í notkun í mars 2000 og hefur mest allt starf æskulýðsnefndar verið unnið inni í Reiðhöllinni á tímabilinu janúar – maí ár hvert. Því er skipulag vetrarins komið í nokkuð fastar skorður og litlar breytingar verið síðustu ár.

Í fyrstu æskulýðsnefndinni, veturinn 2002, voru Finnur Karl Björnsson, Jón Ragnar Gíslason og Alda Björnsdóttir og markmið nefndarinnar var: Að kenna hestfærum börnum og unglingum undirstöðuatriði í almennri reiðmennsku, ásetu og stjórnun, hugsanlega með keppni og/eða sýningar að leiðarljósi ef við á. Mikil þátttaka var á námskeiðin strax á 1. vetri. Helga Thoroddsen og Herdís Reynisdóttir kenndu eldri krökkunum á laugardögum en nefndarmenn voru með yngri krakkana milli 16-18 nokkra daga í viku. Þá gaf Lionsklúbburinn á Blönduósi krökkunum 10 hjálma að gjöf.

Mikið starf hefur verið unnið í æskulýðsstarfinu og mörg börn og unglingar sótt þangað námskeið eða u.þ.b. 30 krakkar á ári, bæði frá Blönduósi og sveitunum þar í kring. Margir krakkar byrja 3-5 ára gömul og hafa mörg þeirra verið á námskeiðum þar til þau ljúka 10. bekk og fara í framhaldsskóla.

Kennd hafa verið hefðbundin reiðnámskeið og einnig knapamerki, en þau hafa verið kennd á Blönduósi frá því bækurnar fyrir þau komu fyrst út. Fyrstu krakkarnir byrjuðu 2007 og kláruðu knapamerki 3 vorið 2009 en þá voru þau að fara í framhaldsnám og gátu ekki tekið meira hjá Neista. Tveir af þessum nemendum kláruðu knapamerki 5, tóku knapamerki 4 og 5 á Akureyri og kláruðu það vorið 2011 með glæsibrag. Í vetur var knapamerki 4 kennt í fyrsta skipti, í því var einn unglingur.

Þar sem þessi vetur var afmælisvetur var hugmyndin að hafa fjölbreyttari dagskrá en verið hafði undanfarin ár og fá nýja neytendur inn í hestamennskuna. Það fylgir mikill kostnaður að halda úti námskeiðum og fór æskulýðsnefndin ásamt formanni Neista, Hirti Karli Einarssyni, að leita eftir styrkjum til að geta greitt niður námskeiðsgjöld krakkanna. Er ekki að orðlengja það að nefndin fékk frábærar undirtektir hjá fyrirtækjum og stofnunum hér á svæðinu.

Námskeið

11. nóvember 2012 auglýstum við námskeiðin á vef Neista, www.neisti.net:

„Námskeiðin nú í vetur verða öll á sínum stað ef næg þátttaka fæst“.

Reiðnámskeið fyrir börn og unglinga:

byrjendur

minna vana

meira vana

knapamerki 1, 2, 3 og 4 - lágmarks fjöldi í hóp í knapamerkjum eru 4.

.

Bókleg og verkleg kennsla í knapamerkjum hófst snemma í janúar en önnur námskeið byrjuðu í lok janúar.

Það voru tvær ástæður fyrir því að við ákváðum að hafa bóklegt í knapamerkjunum eftir áramótin samhliða því verklega. Við höfðum áður kennt það bóklega fyrir jól og það verklega eftir jól þar sem það er erfitt að koma þessu öllu fyrir í dagskránni hjá börnum eftir áramótin. Eftir að hafa verið með knapamerkjanámskeið í mörg ár vorum við búin að sjá að það er ekki heppilegt að kenna þau á sitt hvorum tímunum, þ.e. bóklegt fyrir jól og verklegt eftir jól. Þegar bóklegt er svona löngu fyrr þá nýta þau bóklega hlutann ekki eins vel, þau tileinka sér ekki það bóklega yfir í verklegt, þ.e. búin að gleyma að einhverju leyti því sem um var rætt í bóklegum tímum. Við settum því bóklega kennslu samhliða verklegu að mestu leyti. Mikið skipulag fylgir þessu en í fyrsta skipti í langan tíma sá sami kennarinn um alla kennslu hjá hestamannafélaginu en það var Sonja Noack, reiðkennari sem útskrifaðist frá Hólum vorið 2012. Hún komst ekki til okkar fyrr en eftir áramót og þar af leiðandi var heldur ekki hægt að kenna bóklegt fyrir áramót.

Fjórið byrjaði, það hreinlega fylltist á öll námskeið og við vorum himinlifandi, 40 börn og unglingar voru skráð á námskeið, aldrei verið fleiri enda var færsla á vefnum 30. janúar 2013 þessi:

„Gaman að byrja á reiðnámskeiði. Höllin fylltist í dag af börnum, hestum og foreldrum en ekkert er eins skemmtilegt og þegar litlu krakkarnir mæta á námskeið. Það er svo gaman hjá þeim. Byrjendur eru 11 en þar eru þau yngstu 2ja ára og hér er foreldrar mætt með þau.“



Knapamerkin hófust í byrjun janúar. Í knapamerki 1 voru 7 börn í tveimur hópum, í knapamerki 2 voru 8 börn í tveimur hópum, í knapamerki 3 voru 3 og 1 var í knapamerki 4 en það var í fyrsta sinn sem það er kennt hjá félaginu en þar voru 4 fullorðnir og unglingurinn með þeim.

Kennt var þrjá daga í viku allan veturinn. Það þarf mikið skipulag til að koma þessu öllu heim og saman svo foreldrar þurfi ekki að aka mörgum sinnum í viku til Blönduóss fyrir þau börn sem eiga heima í nágrenni Blönduóss, því jú auðvitað eru þetta sömu fjölskyldurnar með börn á ýmsum aldri í hestamennskunni.

Próf voru í knapamerki 1 og 2 um miðjan apríl, en knapamerki 3 er tekið á tveim vetrum þar sem það er mikið nám og því engin próf í þeim þetta vorið. Próf í knapamerki 4 var í maí. Alls tóku 9 krakkar próf í knapamerki 1, 8 tóku próf í knapamerki 2 og 1 í knapamerki 4.

Þessar tvær stúlkur, sem eru búnar að vera á námskeiðum hjá Neista síðan þær voru 2ja eða 3ja ára og mæta á öll mót sem þær komast á, stóðu hæstar í knapamerkjaprófunum.

Lilja Maria Suska tók próf í knapamerki 1 og var með 9,7 í einkunn og Sólrun Tinna Grímsdóttir tók próf í knapamerki 2 og var með 9,1 í einkunn.



Önnur námskeið

Mikill áhugi var fyrir því að fá eitthvað annað námskeið en þessi „hefðbundnu“ þ.e. knapamerkin og fengum við Trausta Þór Guðmundsson til að vera með Töltfimi. Hann kom síðustu helgina í janúar og fylltist á námskeiðið hjá honum, af 18 manns voru 10 börn og unglingar. Námskeiðið var frá föstudegi og fram á hádegis á sunnudag en þá var fyrsta kynningarmótið í Töltfimi haldið á Íslandi eða eins og sagt var frá á vefmiðlum:

„Fyrsta kynningarmótið í Töltfimi á Íslandi verður haldið á Blönduósi sunnudaginn 27. janúar. Mótið er haldið í tengslum við reiðnámskeið sem Trausti Þór Guðmundsson, tamningamaður og reiðkennari, heldur þar um helgina.“

Trausti Þór segir að mikill áhugi sé hjá hinum almenna hestamanni á Töltfiminni, kannski vegna þess að þar sjái fólk að það eigi möguleika á að ná árangri án þess að eiga topp gæðing, hágengan og flottan. Töltfimin sé keppni í þjálfun og reiðmennsku. "Þetta er spennandi verkefni sem er enn þá í mótun. Sú útgáfa sem við lukum við í desember og til stóð að kynna er sennilega of þung fyrir hinn almenna hestamann og ég mun því prófa léttari útgáfu hér á Blönduósi þar sem minni kröfur verða gerðar á hæga töltinu, sem er síðasta umferðin af fjórum.



Trausti kom á föstudegi þar sem þátttaka var meiri en ráð var fyrir gert og vann hann með einn nemandahóp á föstudegi og annan á laugardegi og síðan alla á sunnudegi. Hestar og knapar voru undirbúnir þessa daga fyrir töltfimi og að keppa í töltfimi.

Í keppninni lýsti Trausti öllu því sem fyrir augu áhorfandans bar og kom því vel til skila hvað væri verið að biðja um, hvar og hvenær. Það var mjög skemmtilegt og fróðlegt og áhorfendur ánægðir með það.



Mót

Mótaröð Neista var sett á laggirnar og voru fimm mót yfir veturinn. Keppt var í opnum flokki, áhugamannaflokki og flokki 16 ára og yngri. Þau börn sem vildu keppa kepptu í unglingaflokki. Veitt voru verðlaun fyrir stigahæstu knapana í hverjum flokki fyrir sig í lok mótaröðar. Mótaröðin var vinsæl og tóku nokkuð margir unglingar og börn þátt í henni.

Grunnskólamótin voru á sínum stað en þau eru skemmtileg mót fyrir krakka úr grunnskólum Skagafjarðar, Austur- Húnavatnssýslu og Húnaþingi vestra. Æskulýðsnefndir félaganna standa að þessari mótaröð. Þátttökurétt hafa börn og unglingar á grunnskólaaldri á svæðinu og keppa þau í nafni þess skóla sem þau stunda nám við, skólarnir eru alveg ótengdir mótunum að öðru leyti. Mótið er hugsað til að efla áhuga á hestaþróttinni og gefa sem flestum kost á því að taka þátt. Mótin eru 3 og haldin í reiðhöllinni Sauðárkróki, Blönduósi og Hvammstanga, ein grein er á hverjum stað en að auki er boðið upp á skeiðkeppni á öllum mótunum fyrir 8. – 10. bekkina. Stigahæsti skólinn fær farandbikar til varðveistlu en í vor vann Varmahlíðarskóli en hann hefur alltaf haft sigur. Farandbikarinn var gefinn af sparisjóðunum í Skagafirði, Siglufirði og Hvammstanga árið 2009 þegar fyrstu mótin voru haldin. Húnavallaskóli varð í 2. sæti og Blönduskóli í 4. sæti.

Félagsmót og úrtaka fyrir Fjórðungsmót var 15. júní en félagið mátti senda fjóra fulltrúa úr hverjum flokki á Fjórðungsmót.

Mikilvægt er að fá góða leiðsögn hjá reyndara fólki og alltaf gaman að hittast og fara yfir hlutina. Krakkarnir fengu leiðsögn hjá Vali Valssyni, gæðingadómara og Ólafi Magnússyni, margreyndum keppnisknapi.



Ásdís Freyja, Lara Margrét, Lilja María, Sólrún Tinna og Hjördís, mættu galvaskar á æfingu og allar fóru þær á Fjórðungsmót ásamt fleiri krökkum.



Afmælissýningin

Hestamannafélagið Neisti var stofnað 1943 í Dalsmynni. Stofnendur voru 40 talsins, allt karlmenn. Guðbrandur Ísberg var formaður í 29 ár en núverandi formaður er Hjörtur Karl Einarsson.

Í vetur var ákveðið að fagna afmælinu og halda veglega afmælissýningu. Æfingar byrjuðu strax eftir knapamerkjaprófin sem voru um mjðjan apríl og voru stanslausar æfingar í reiðhöllinni og ósjaldan sem við sáum þessa sjón, mismunandi hestakerrur komu og fóru ...



einn hópur af mörgum á æfingu...



og þessi kátu ungmenni mættu á laugardegi til að æfa en sum þeirra eru að heiman í framhaldsskóla og æfðu því bara um helgar.



Afmælissýningin var haldin 5. maí eftir að hafa verið frestað um viku vegna veðurs. Sýningin tókst með eindæmum vel en veðurspáin var ekkert spennandi fyrir þennan dag, rok og slydduspá en veðurguðinn var okkur ótrúlega hliðhollur og var frábært veður framan af degi en um leið og sýningin var búin, rauk hann upp með norðaustan roki og rigninu. Vægast sagt ömurlegu veðri.

Í vetur voru 40 börn og 10 fullorðnir á námskeiðum hjá félaginu. Langflest börnin tóku þátt í sýningunni en einnig komu nokkrir unglingar sem eru burtu í framhaldsskóla og æfðu nokkrar helgar, sem og krakkar sem ekki eru á námskeiðum. Í heildina tóku því nærri 50 börn þátt í sýningunni.

Sonja Noack sá um alla kennslu í vetur og var yngsti nemandinn 2ja ára og sá elsti 67 ára. Sá yngsti og sá elsti heita báðir Magnús Ólafsson og eru kenndir við Sveinsstaði. Þeir voru auðvitað báðir mættir á sýninguna og voru glæsilegir.



Þau minnstu voru að sjálfsögðu með sitt eigið strumpaatriði og foreldrar teymdu undir. Yfirstrumpur var Sonja en Sigurlaug Markúsdóttir sá um búninga.



Trúðarnir komu á eftir og fóru í þrautabraut, fóru létt með það og sýndu vel hvað þau eru flinkir knapar. Yfirtrúður var Sonja.



Leikþátturinn Pétur Pan var, Kúrekar og Indíánar háðu keppni þar sem indíánar unnu og fengu smá glaðning í verðlaun. Riddarar Merlins voru með mynsturreið. Heimasæturnar á Hofi mættu með Hofsdansinn. Borðareið þar sem pör halda í borða sín á milli án þess að slíta hann, fóru stökk, brokk, fet. Það þar vann sem sleit ekki borðann.

„Hestar á hringhlaupi“ hét atriði framhaldsskólakrakkanna og 10. bekkinga. Þau bjuggu til sitt eigið atriði og æfðu það að mestu sjálf. Öll hafa þau verið í mörg ár á námskeiðum hjá Neista og fóru létt með að búa til og æfa atriði.



Eftir sýninguna var mikil kaffi- og kökuveisla og nægur tími fyrir spjall.



Neistafélgar voru afar glaðir með daginn, það kom margt fólk að horfa á og njóta dagsins. Margir þátttakendur, á ýmsum aldri, tóku þátt og allir höfðu gaman af.

Uppskeruhátíð krakkanna

Vetrarstarfi æskulýðsnefndar lauk 4. júní með uppskeruhátíð barna og unglinga sem voru á námskeiðum hjá hestamannafélaginu Neista í vetur.



Uppskeruhátíðin tókst frábærlega. Frábær mæting var, bæði börn og foreldrar. Það var hávaðarok en þeir krakkar sem ætluðu í útreiðartúrinn ákváðu bara að fara í reiðtúr inni í Reiðhöllinni og það var bara skemmtilegt hjá þeim, þau skiptu um hesta og riðu berbakt svo eitthvað sé nefnt.



Eftir "reiðtúrinn" var efnt til grillveislu og síðan voru viðurkenningarskjöl, knapamerkjaskírteini og smágjafir afhentar.

„Bíó“

Núna á haustdögum ákvað æskulýðsnefndin að hafa „bíó“ kvöld fyrir krakkana. Afmælissýningin var öll tekin upp og er komin á disk. Þar sem unglingarnir okkar, þeir sem eru komnir í framhaldsskóla, eru ekki allir heima nema um helgar þá ákváðu þeir að hittast í heimahúsi nú í byrjun október, hafa kósýkvöldstund og horfa á sig á hestbaki, það heppnaðist vel. Hinir krakkarnir hittumst uppí reiðhöll í miðri viku og horfðu á sýninguna og fengu popp og djús. Það er alltaf gaman að hittast hvort sem það er á hestbaki eða horfa á sig á hestbaki ☺

Samtantekt

Síðastliðið haust þegar æskulýðsnefnd kom saman var ákveðið að reyna að gera eitthvað meira fyrir æskulýðsstarfið þar sem það var afmælisár framundan. Æskulýðsnefndin ákvað því, ásamt formanni Neista, að leitast við að fá styrki hjá fyrirtækjum og stofnunum hér á svæðinu til að styrkja starfið. Fengum við góða styrki og var farið af stað í veturinn með það að leiðarljósi að gera vel við börnin okkar og unglingana. Við fengum til liðs við okkur frábæran reiðkennara, Sonju Noack, en hún var við tamningar á Þingeyrum en kom til Blönduóss 3x í viku og kenndi öllum börnum, unglingum og þeim fullorðnu hjá félaginu. Einnig kenndi hún öll bókleg námskeið í knapamerki 1,2,3 og 4 og luku allir bóklegu prófi ásamt því að þeir nemendur sem voru í knapamerki 1, 2, og 4 luku verklegu prófi. Í knapamerki 1 voru 7 börn, í knapamerki 2 voru 8 unglingar en 2 af þeim tóku líka próf í knapamerki 1. Í knapamerki 3 voru 3 en þau taka próf næsta vor og í knapamerki 4 var 1 unglingur sem lauk líka prófi en 4 stigið var kennt hér í fyrsta skipti.

Það var mikil aukning á námskeið í vetur hjá byrjendum en þar þar voru 11 börn á aldrinum 2ja til 5 ára, en alls voru 21 barn, yngra en 12 ára, á námskeiðum en sum þeirra eru auðvitað búin að vera á námskeiðum í mörg ár.

Það er hins vegar erfitt að koma einhverju öðru við en námskeiðum og mótahaldi hjá krökkunum yfir vetrartímann því þau eru upptekin í mörgum öðrum íþróttum. Ásamt því að koma 1x í viku á námskeið tóku mörg hver þátt í Grunnskólamóti og Mótaröð Neista þar sem þau stóðu sig með miklum sóma. Boðið var uppá Töltfiminámskeið með Trausta Þór um miðjan janúar þar sem nokkrir unglingar tóku þátt og höfðu gott og gaman af. Eftir knapamerkjapróf hófust svo stífar æfingar hjá öllum hópum fyrir Afmælishátíðina þar sem 50 börn og unglingar tóku þátt í hinum ýmsu skemmtilegu atriðum.

Í vetur voru 40 börn og unglingar á námskeiðum sem er mikið miðað við ekki stærra félag. Æskulýðsstarf Neista er í blóma og mikið og frjótt starf er unnið þar á ári hverju. Það má örugglega þakka áhuga og elju duglegra foreldra að þetta starf er eins gott og raun ber vitni. Margir þessara foreldra keyra börnin sín langan veg á námskeið í reiðhöllina á Blönduósi í hverri viku, allan veturinn.

Æskulýðsnefnd vill þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn í æskulýðsstarfinu í vetur, Sonju fyrir skemmtilega og góða kennslu og foreldrum fyrir gott samstarf. Einnig vill hún þakka þeim fyrirtækjum og stofnunum sem studdu æskulýðsstarfið fyrir frábæran stuðning með von um áframhaldandi velvilja. Ekki má gleyma Reiðhöllinni sem er notuð allan veturinn og án hennar ættum við ekki svona frábært og skemmtilegt vetrarstarf en æskulýðsstarfið fékk frían aðgang í hana í allan vetur. Með styrkjum sem söfnuðust frá fyrirtækjum og stofnunum hér á svæðinu gat félagið gefið öllum börnum og unglingum námskeiðgjald vetrarins og er það vel á afmælisári. Stefnan er að halda áfram skemmtilegu og uppbyggilegu starfi sem stuðlar að bættri reiðmennsku og góðri samveru við hestinn og ekki síður við hvert annað.

Október 2013

Æskulýðsnefnd Neista